

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2017

Verkefni 3	Svæðisskipulag fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi eystra
Markmið	Að stuðla að heildstæðri stefnu um ferðapjónustu á Norðurlandi eystra til grundvallar markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Slík stefnumörkun felur í sér uppbyggingu á marki (e. „brand“) svæðis, sem er grunnur markaðssóknar til framtíðar. Slík stefna, sett m.t.t. umhverfis og samfélags, er m.a. grunnur að sameiginlegri markaðssetningu og því að ferðapjónusta verði heilsársatvinnugrein á svæðinu, m.a. með fjölgun ferðamanna og jafnari dreifingu þeirra milli landshluta og innan landshlutans, auk þess að styðja við markmið um millilandaflug um Akureyrarflugvöll (meginmarkmið 6, 7 og 8 í Sóknaráætlun).</p> <p>Búið er að ráða þarf fagaðila (skipulagsráðgjafa) að fyrri áfanga verkefnisins. Nú þarf að koma á samstarfi sveitarfélaga á starfssvæði Eypings og sameiginlegri svæðisskipulagsnefnd skipaðri fulltrúum sveitarfélaganna, auk þess að leggja drög að vinnunni í upphafi með gerð verkefnislýsingar.</p> <p>Mörkuð verði stefna og heildstæð sýn um ferðapjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila. Tekið verður mið af öðrum áætlunum á lands- og héraðsvísu, ekki síst Vegvísi í ferðapjónustu (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og SAF, okt. 2015). Eitt af forgangsmálum skv. verkefnaáætlun Vegvísisins 2016 – 2017 er að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðapjónustu í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP). Í verkefninu verður því haft náið samstarf við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála og leitað leiða til að samræma svæðisskipulagsvinnu við gerð stefnumótandi stjórnunaráætlunar fyrir Norðurland eystra.</p> <p>Horft verður sérstaklega til tenginga við aðliggjandi landshluta.</p> <p>Niðurstaða stjórnar Eypings var að skipta verkefninu í tvo áfanga með eftirfarandi hætti:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Fyrri áfanginn felst í að skilgreina og afmarka viðfangsefnið í verkefnislýsingu eða verkefnistillögu. 2. Seinni áfanginn felst í hinni eiginlegu skipulagsgerð á grundvelli verkefnislýsingar og stefnumótandi stjórnunaráætlunar (DMP). <p>Leitað var eftir verðtilboði í fyrri áfanga sem nú er unnið að. Í framhaldi verður leitað eftir verðtilboðum í seinni hlutann.</p>
Framkvæmdaaðili	Eyping í samstarfi við sveitarfélögin (svæðisskipulagsnefnd) og skipulagsráðgjafa.
Samstarfsaðilar	Aðrar stofnanir og fulltrúar sveitarfélaganna, Markaðsstofa Norðurlands, Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Eitt af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra er að móta heildstæða stefnu um ferðapjónustu m.t.t. hagsmuna umhverfis og

	<p>samfélags (meginmarkmið 8). Auk þess styður verkefnið m.a. við meginmarkmið 6 og 7 í Sóknaráætlun, sjá umfjöllun ofar.</p>
<p>Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Samþykkt verkefnislýsing (áfangi 1). • Sérstaða landshlutans og svæða hans skilgreind, einnig auðlindir ferðaþjónustu á svæðinu. • Sameiginleg sýn og stefna um nýtingu og uppbyggingu. • „Söguslóðir“ eða leiðir um svæðið skilgreindar. Nýttar til frekari þróunar á nýjum „vörum“ í ferðaþjónustu og markaðssetningar. • Skilgreining á samspili hagsmunaaðila, samstarfi þeirra og hlutverkum hvers og eins. • Að lokum liggur fyrir afurð sem er grunnur til að byggja markaðssetningu landshlutans á og til að byggja á við uppbyggingu ferðamannastaða.
<p>Lokaafurð</p>	<p>Samþykkt svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra.</p>
<p>Tímarammi</p>	<p>Miðað er við að verkefnið spanni allt að þrjú ár (2016-2018).</p>
<p>Áætlaður kostnaður</p>	<p>Áætlaður kostnaður við fyrri hluta verkefnisins er á bilinu 3.575-4.65 m.kr. án vsk. Heildarkostnaður er óljós og er háður annars vegar tilboði frá ráðgjafarfyrirtæki í seinni hluta verkefnisins og hins vegar mótframlagi úr Skipulagssjóði.</p>
<p>Framlag úr sóknaráætlun 2017</p>	<p>9.000.000 kr. Áætlað er að mótframlag fáist úr Skipulagssjóði síðar, allt að 50% af heildarkostnaði vegna ráðgjafar og tilteknum öðrum kostnaði við svæðisskipulagsgerðina.</p>